

**2. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 30. mars 2011 í leikskólanum, kl. 16:00.**  
**5. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.**

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Fulltrúi foreldra Fannar Geir Ólafsson mætti ekki til fundarins.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Trúnaðarmál.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla leikskólastjóra.**

- Við héldum upp á Bóndadaginn (reyndar degi fyrr) með því að halda Karladag. Á Karladegi bjóða börnin, feðrum sínum, öfum, bræðrum og/eða frændum að leika við sig í leikskólanum. Þátttaka karlmanna var mjög góð og þeir sem ekki gátu mætt komu þá daginn eftir. Þetta er einn af þeim dögum sem börnin bíða eftir ár hvert.
- Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur í fjórða sinn þann 6. febrúar. Í tilefni dagsins opnuðu nemendur leikskólans myndlistarsýningu í versluninni Samkaup/Strax þann 4. febrúar. Verkin á sýningunni voru unnin til heiðurs vináttunni, því hvað er betra en að eiga góðan vin. Dagur leikskólans er haldin til að vekja athygli á leikskólanum og því starfi sem þar fer fram.
- Leikskólinn verður 29 ára þann 6. apríl. Við munum syngja afmælis og heillasönginn okkar fyrir Undraland og flöggum (það er orðin hefð hjá okkur að flagga fyrir afmælisbörnum).
- Skipulagsdagur var 16. febrúar. Fræðsluerindi var haldið um börn og sorgarviðbrögð í Brautarholti og var séra Eiríkur fyrirlesari. Við vorum allar sammála um mikilvægi og gagnsemi þessa erindis.

Í lok skipulagsdagsins fengum við að skoða leikskólann í Brautarholti sem var mjög fræðandi. Það er alltaf gott að skoða aðra leikskóla þar fær maður margar góðar hugmyndir og verður líka svo þakklátur og sáttur með sinn leikskóla.

- Konudagurinn var haldinn hátíðlegur á Kerlingadegi, þar bjóða börnin líkt og á Karladegi en þá kerlingum í fjölskyldunni. Þátttaka kerlinga var reglulega góð og allir skemmtu sér vel í fjölbreyttum verkefnum.
- Í lok febrúar og meirihluta mars hafa veikindi verið viðloðandi bæði hjá börnum og starfsfólki. Og þegar verst lét vantaði sjö starfsmenn og 18 börn. Alltaf verðum við jafn undrandi á veikindum og teljum að þetta hljóti að vera það versta sem við höfum lent í en svo ef við skoðum skráningar síðustu ára þá eru alltaf mikil veikindi á þessum tíma.
- Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur voru hátíðisdagar okkar í mars. Við gerðum þá nýbreytni að baka vatnsdeigsbollurnar okkar með börnunum, allir voru sammála því að vel hefði til tekist og allir tilbúnir að endurtaka að ári. Með því að baka sjálf tóku börnin meira þátt í bolludeginum og fengu fleiri en eina bollu hver og svo er líka sparnaður í því að baka sjálf.
- Starfsmannasamtöl voru tekin í síðustu viku (21.-25. mars). Það líður öllum vel í vinnunni og er starfsandinn góður. Jákvæðni er er mikilvæg, enda hugsar jákvæður starfsmaður í lausnum en neikvæður í hindrunum. Það langar öllum að gera leikskólann, þá deildirnar meira huggulegar, með góðum og stórum mottum, sófa og fleiru, spurning að taka þetta í skrefum ein deild á hverjum vetri, kannski hægt að taka tillit í fjárhagsskýrslugerð næstu þriggja ára.
- Hún Aþena Mjöll er að hætta hjá okkur nú um mánaðarmótin og börnin hennar sömuleiðis, það verður mikill söknuður af þeim, enda hefur Aþena staðið sig með miklum sóma.
- Það verða töluverðar breytingar á starfsfólki fyrir næsta vetur. Það verða líklegast tíu færri börn og tveir starfsmenn að koma til baka eftir fæðingarorlof. Vegna þessa eru fjórir starfsmenn sem hætta störfum hjá okkur 1.júlí.

- Í apríl förum við svo að undirbúa páskana með tilheyrandi skrauti, dúlleríi og fræðslu.
- Vordagurinn er 20. apríl, síðasta vetrardag. Þá gerum við okkur glaðan dag, förum í leiki, grillum og börnin fá andlitsmálningu.
- Foreldrasamtöl fara fram í byrjun maí og stefnum við á að leggja könnun fyrir foreldra.
- Samstarf leik- og grunnskóla er komið í góðar skorður og er leitast við að leikskólabörnin kynnist öllum þeim námsgreinum sem 1.bekkur stundar. Einnig er farið í aðra þætti skólastarfsins eins og að borða í matsalnum og fara í frímínútur sem er ekki síður nauðsynlegt að prófa.
- Skólanámskráin, 2. útgáfa er tilbúin og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

## **2. Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál tekið fyrir og fært í trúnaðarbók.

## **3. Önnur mál.**

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.  
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.30.